

Nd. **950. Frumvarp til laga** [347. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslána sjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. mars.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslána sjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „ríkisáðild með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina RTÁ.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnendur sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlána sjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnendur sjóðsins bera ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins sem stofnað hefur verið til fyrir 1. janúar 1986. Helst hin ótakmarkaða ábyrgð þar til þessum skuldbindingum er lokið.